



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 132/612

komudagur 13.1.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2006
Tilvísun: 200511-0072

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmalapáttöku, áhrifa og valda kvenna, 29. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar þar sem félagsmálaráðherra er falið að skipa nefnd sem m.a. kannar viðhorf til kvenna í stjórnmalum. Einnig skal nefndin kanna viðhorf til áhrifa kvenna og valda og til gildis og þýðingar stjórnmalapáttöku kvenna fyrir samfélagið.

Staðreyndir og tölulegar upplýsingar sýna hve illa konur standa gagnvart öllum áhrifum og völdum í samfélaginu. Þrátt fyrir að margt hefur áunnist í baráttunni um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla á undanförunum áratug þá er nauðsynlegt að halda baráttunni áfram og ekki síst að leggja áherslu á mikilvægi páttöku kvenna í stjórnmalum.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Marianna Traustadottir
Márianna Traustadóttir